

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **22.05.2020**
Málsnúmer: **FJR19080054**
Bréfalykill: **3.5**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (rafræn afgreiðsla o.fl.), þingskjal 1028 — 609. mál.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 12. maí sl. óskaði nefndin eftir viðbrögðum ráðuneytisins við þær athugasemdir sem finna má í umsögn Distu ehf. við 8. gr. frumvarpsins um vöruvalsreglur tollfrjálsra verslana sem bjóða áfengi til sölu.

Í umsögninni er gerð athugasemd við orðalag greinargerðar frumvarpsins um að taka eigi tillit til „sérstöðu friðhafnarverslana“ við val á vörum til endursölu. Þá er því jafnframt haldið fram að þegar horft er til eftirspurnar eigi einnig að horfa til eftirspurnar í verslunum ÁTVR sem ríkisstofnunar. Ráðuneytið áréttar það sjónarmið sem finna má í greinargerð frumvarpsins um að mikilvægt sé að líta til þess að ákveðinn munur er á sölu áfengis í friðhöfnum og í verslunum ÁTVR. Markmið og starfsemi Friðhafnarinnar ehf. er ólíkt ÁTVR m.a. vegna þess að hún starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði, hefur ólíkan hóp viðskiptavina, starfar ekki á grundvelli lýðheilsusjónarmiða og tekur ákvarðanir út frá viðskiptalegum grundvelli með tekjuöflunarsjónarmiði. Mikilvægt er því að fyrirhugaðar vöruvalsreglur gefi Friðhöfninni ehf. kost á sveigjanleika hvað þetta varðar.

Einnig er gerð athugasemd í umsögninni við opna heimild Friðhafnarinnar til að meta framlegð af vöru og þ.m.t. ákveða álagningu á einstaka vörur. Í þessu samhengi er í umsögninni vísað til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5035/2007 varðandi álagningu ÁTVR. Að mati ráðuneytisins eru þær röksemdir sem finna má í álitinu um fasta lögbundna álagningu miðaðar út frá sérstöðu ÁTVR sem áfengisverslun. Með hliðsjón af ofangreindum mun á ÁTVR og Friðhöfninni ehf. er það mat ráðuneytisins að rök álitsins um lögbundna fasta álagningu eigi ekki við um Friðhöfnina ehf.

Þá er í umsögninni tekið fram að tryggja verði að Friðhöfnin ehf. stundi ekki sölu á hilluplássi, að henni verði gert að rökstyðja ákvarðanir sínar og að henni verði gert að gæta þess að markaðs- og auglýsingarstarfsemi hennar sé hlutlæg og óháð uppruna vöru og nýjar vörur verði kynntar fyrir neytendum. Varðandi rökstuðning Friðhafnarinnar ehf. á ákvörðunum sínum bendir ráðuneytið á að í ljósi þess að ákvarðanir hennar verða kærarlegar til ráðuneytisins þá er henni að óbreyttu ekki stætt á öðru en að taka rökstuddar ákvarðanir og telur ráðuneytið ekki þörf á að kveðið sé sérstaklega á um slíkt í 8. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er það mat ráðuneytisins að þessar athugasemdir umsagnarinnar séu þess eðlis að þær þyrfti að skoða samhliða gerð vöruvalsreglnanna og í frekara samráði við eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Að lokum er í umsögninni talið mikilvægt að Friðhöfninni ehf. verði gert að birta opinberlega söluupplýsingar með svipuðum hætti og ÁTVR og gera þær að auki aðgengilegar þeim sem þess óska. Að mati ráðuneytisins er ekki nauðsynlegt að leggja slíka skyldu á Friðhöfnina ehf. í því skyni að tryggja að fyrirhugaðar vöruvalsreglur verði málefnalegar og hlutlægar. Slíkar upplýsingar gætu einnig komið niður á starfsemi Friðhafnarinnar ehf. sem starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði.